

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Leiðrétting á breyttu deiliskipulagi Hafnarfjarðar – miðbæjar, lóðirnar Lækjargata 2 og Suðurgata 7.

Deiliskipulagsbreytingin tók gildi 14. september 2018, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 826/2018. Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. janúar 2020 leiðréttan uppdrátt deiliskipulags Lækjargötu 2 og Suðurgötu 7 til samræmis við úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Leiðréttingin snýr að afturköllun heimildar á uppsetningu glugga og hurðar á austurhlíð hússins að Suðurgötu 7.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Hellnahrauns, lóð nr. 2 við Rauðhelli.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 6. nóvember 2019 að grenndarkynna tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem felur í sér stækkun byggingarreits og hækkun nýtingarhlutfalls lóðarinnar, jafnframt var nýrri innkeyrslu bætt við á lóð. Tillagan var grenndarkynnt 16. desember 2019 – 13. janúar 2020. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 15. janúar 2020.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.